

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarátvegsráðuneytið, 10. júní 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 2/1982 um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1982 o.fl.

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 7.—10. gr. skal skipt í fimm sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar á fyrstu 15 dögum hvert mánaðar frá ágúst til desember 1982. Þó skal útborgun barnabóta ekki hefjast fyrr en álagningu á einstaklinga í viðkomandi umdæmi er lokið.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 2 000 kr. skal þeim skipt niður á færri en fimm útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 500 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1982.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendum eða umráðamönnum eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða gjald fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.